

Mættir: Kristján Geirsson , Ragnheiður Garðarsdóttir, Magnús Andrésdóttir, Davíð Heimisson, Arnar Stefánsson fundarstjóri, Haraldur Einarsson skólastjóri.

Fjarverandi: Svavar Kjartansson, Lóa Rut Reynisdóttir og Edda Guðrún Pálsdóttir
Heiðarskóli 24. maí 2016 kl. 20:00 í Heiðarskóla

1. Árskýrsla Heiðarskóla árið 2015-2016

Kristján fór yfir árskýrsluna.

2. Rekstrarreikningur árið 2015 - 2016

Magnús fór yfir rekstrarreikninginn.

3. Foreldrafélagið

Það þarf að minna á að allir eru í FFHS. Hugmynd um að vera með opna FB síðu fyrir FFHS.

4. Vorferðir

Fyrirspurn kom frá foreldrum á fundinum varðandi það hvort FFHS gæti komið til móts við kostnað varðandi vorferðir, til þess að geta gert eitthvað meira spennandi. Haraldur kom með þá fyrirspurn hvort að FFHS gæti verið með könnun meðal foreldra varðandi það hvort að foreldrar væru til í að borga fyrir vorferðina eða ekki. Stjórn FFHS mun taka þessa umræðu upp á næsta fundi.

5. Lagabreytingar:

Engar lagabreytingar hafa verið í ár.

6. Annað

Skoðunarmenn: Gísli Jónasson heldur áfram sem skoðunarmaður reikninga ásamt Skúla Sigurðssyni. Fundargerð er samþykkt með þeim fyrirvara að Skúli Sigurðsson skrifi undir sem skoðunarmaður reikninga.

Mæting á aðalfund: Á fundinum sátu 11 manns, þar af fimm foreldrar.

Annað: Lilja, foreldri, kom með þá hugmynd að sýna brot úr söngleiknum, stuttmyndakeppninni. Það þarf að leggja þetta fyrir bekkina. Haraldur kom með þau tilmæli að kennararnir færu í önnur störf eftir Heiðarleikana og gætu ekki verið virkir í pylsunum og til að mynda atriðunum.

Það þarf að fá kennara barnanna inn á FB síðu hvers bekk.

Rætt var um endurvinnslu.

Hugmynd um að bekkjarfulltrúar t.d. í 1.-3. bekk hendi á milli sín hugmyndum.

Fyrir næsta aðalfund: Búa til auglýsingu þar sem allir bekkjarfulltrúar eru hvattir til að mæta og fyrirfram er búið að ákveða fundarritara og fundarstjóra.

Hugmynd um að mæta á skólasetningu og kynna starf FFHS í 1. bekk.

Fundi slitið 21:10